

105. Fundur rekstrarnefndar Klausturhóla haldinn 23.06 2015 kl 13:00 í fundarsal Hótel Klaustur

Mætt eru á fundinn aðalmenn: Kjartan Magnússon, Sigurlaug Jónsdóttir, Elín Heiða Valsdóttir, Einar Bárðarson og Sigurður Árnason. Rannveig Bjarnadóttir fulltrúi starfsmanna og Anna Gyða Gunnlaugsdóttir hjúkrunarforstjóri. Einnig eru mætt á fundinn Sandra Brá Jóhannsdóttir Sveitarstjóri. Elín Pálsdóttir bókari og Einar Sveinbjörnsson frá KPMG

Kjartan formaður setur fundinn og bíður fundarmenn velkomna.

1. Ársreikningur Klausturhóla ársins 2014

Einar Sveinbjörnsson fer yfir ársreikning ársins 2014. Rætt um mikla hækkun á lífeyrisskuldbindingum heimilisins. Hækkun milli ára er um 7.500.000 kr og skýrist af því að tveir fyrrverandi hjúkrunarforstjórar heimilisins hefja töku lífeyris fyrr en ráð var gert fyrir auk þess sem viðmið lífeyristekna hækkuðu. Samkvæmt rekstrarreikningi ársins 2014 er hagnaður af rekstri 5.053 þús kr en á árinu 2013 var hagnaður 1.647 þús kr. Vistgjöld námu 145,6 millj. kr á árinu 2014 en 143,9 á árinu 2013. Heildar tekjur á árinu 2014 voru 172,3 millj kr en á árinu 2013 159,2 millj kr. Rekstrargjöld fyrir fjármagnstekjur og fjármagnsgjöld námu 167,6 millj kr árið 2014 en voru 157,7 millj kr árið 2013. Rekstrarniðurstaða ársins 2014 er jákvæð en hafa verður í huga eingreiðslur bærust til heimilisins á árinu sem ekki verða fastar tekjur til framtíðar.

Rekstrarnefnd samþykkir að vísa ársreikningi til sveitarstjórnar til samþykktar.

Farið yfir langtíma skuld við Skaftárhrepp og sundurliðun á hvernig skuldin er tilkomin. Rætt er um hvernig hægt er að ganga frá viðskiptaskuldinni. Kjartan formaður fer í frekari viðræður við sveitarstjórn um uppgjör á skuldini.

2. Fjárhagsáætlun 2015 5 mánaða staða rekstrarreiknings

Sandra Brá fer yfir stöðu aðalbókar eftir maí 2015. Rekstur heimilissins er í jafnvægi miðað við áætlun.. Ljóst er að gæta þarf fyllsta aðhalds í rekstri til að áætlunin standi út árið.

3. Starfsskýrsla (Anna Gyða)

Anna Gyða leggur fram bréf frá Velferðarráðuneytinu dagsett 4/3 2015 tilvisunarnr: VEL14120183/02.10.01 þar sem greint er frá tímabundu framlagi upp á 4.109.589. Er það eingreiðsala til að styrkja rekstur minnstu stofnananna árið 2015. Heildaarframlag ríkissins er 50.000.000 og hlutur Klausturhóla er 4.109.589.

Anna Gyða leggur fram bréf frá Velferðarráðuneytinu dagsett 2. júní 2015 tilvisunarnr: VEL15051790/04.03.01 varðandi framlag úr Framkvæmdarsjóði aldraðra. Ekkert framlag er æltað til viðhalds á Klausturhólum árið 2015

Rætt um nauðsyn þess að fjölga strax hjúkrunarrýmum á Klausturhólum. Samþykkt að Kjartan og Sigurður ásamt Önnu Gyðu fari í að sækja um viðbótar hjúkrunarrými fyrir heimilið. Milkil eftirspurn er til staðar og húsnæði Klausturhóla býður upp á að taka inn fleiri einstaklinga á heimilið.

4. Afgreiðsla c liðar undir liðnum Önnur mál (afgreiðslu frestað á fundi 3/3. 2015)

Í framhaldi af innsendu erindi funduðu formaður og varaformaður með bréfitara Þórunni Eddu Sveinsdóttur og ræddu innihald bréfsins.

Fleira ekki gert á fundi.

Fundi slitið kl 15:30

Kjartan Magnússon

Anna Gyða Gunnlaugsdóttir

Elín Heiða Valsdóttir

Rannveig Bjarnadóttir

Einar Bárðarson

Sigurlaug Jónsdóttir

Sigurður Árnason